

Erindi til sveitarstjórnar

Ég, Heiðrún Harðardóttir, starfsmaður á skrifstofu Strandabyggðar, óska eftir að fá greidd laun í námslotum og í prófum ef próf þarf að taka á dagvinnutíma, í samræmi við reglur Strandabyggðar um launuð námsleyfi starfsmanna Strandabyggðar, samþykkt 24. nóvember 2015.

Ég er að hefja nám við Háskólann á Bifröst. Námið heitir Forysta og verkefnastjórnun MLM og er 90 eininga framhaldsnám. Námið er eitt og hálft ár í fullu námi, kennt í fjarnámi, en þar sem ég er í fullri vinnu og með börn og heimili þá stefni ég að því að taka námið á tveimur og hálfu ári. Ég stefni því að því að útskrifast haustið 2027.

Á hverri önn eru tvær staðlotur, yfirleitt frá fimmtudegi til sunnudags. Á haustönn 2025 eru dagsetningar staðarlotunnar 11-14 september og 6-9 nóvember.

Virðingarfyllt

Heiðrún Harðardóttir